

## Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

### Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd  
Sendandi: Viðskiptaráðuneyti  
Dagsetning: 6. desember 1999  
Málsnúmer: IVR199900324  
Bréfalykill: 52.010

Efni: Trúnaðarmál - fyrirkomulag á sölu hlutabréfa ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur lagt til við viðskiptaráðherra að fyrirkomulag sölu á hlutabréfum ríkisins verði með þeim hætti sem að neðan greinir, fáist heimild Alþingis til sölnnar. Eftir er að taka ákvörðun um gengi sem boðið verður í áskriftarsölu. Þessar upplýsingar eru ekki opinberar.

1. Ákveðið verði að nýta heimild til sölu 15% hlutafjár ríkissjóðs í hvorum banka fyrir áramót 1999-2000. Sama fyrirkomulag verði viðhaft við sölu hlutabréfa í báðum bönkunum. Við endanlega ákvörðun um tímasetningu verði gert ráð fyrir nægilegu svigrúmi til að almenningi gefist kostur á að nýta skattaafslátt og umsjónaraðilum sölnnar að ganga frá framkvæmd sölnnar fyrir áramót.
2. Almennungi verði boðið að kaupa allt að 10% hlutafjár ríkisins með áskrift. Þá verði óskað eftir tilboðum í 5% hlutafjár ríkisins. Almenn útboð og tilboðssala fari fram samtímis. Það hlutafé sem ekki selst í almennri sölu bætist við þann hluta sem seldur verður með tilboðsfyrirkomulagi.
3. Í sölu til almennings bjóðist hverjum og einum að kaupa fyrir allt að 1 milljón króna að söluvirði og kaupin verði staðgreidd.
4. Sölugengi í almennri sölu verði ákveðið með tilliti til markaðsgengis undanfarinn mánuð og þróun gengis fram að þeim tíma þegar sölu lýsing verður birt. Lagt er til að gengi verði ákveðið 4-6 % undir markaðsverði.
5. Verði um umframáskrift í almennri sölu að ræða skerðist hlutur þeirra sem skrá sig fyrir hæstu fjárhæðunum fyrst og síðan þeirra sem næst koma þar til jafnvægi hefur náðst milli framboðs og eftirspurnar. Skerðingin verði því mest á hæstu áskriftarfjárhæðunum og minnst eða engin á þeim lægstu.
6. Í tilboðssölu verði gengi við almennt útboð notað sem lágmarksviðmiðun. Sett verði hámark á hvað hver kaupandi megi kaupa og skal miðað við að hver aðili megi kaupa að hámarki 1% af hlutafé ríkisins. Gengið verði fyrst að hæsta tilboði og síðan koll af kalli. Lágmarksfjárhæð í tilboðssölu verði 1 milljón króna að söluverði.